

Þriðjudaginn 13. september 1994.

Nr. 379/1994.

**Hinrik Bragason og
Hulda Gústafsdóttir**

(Steingrímur Þormóðsson hdl.)

gegn

Rannsóknarlögreglu ríkisins

Kærumál. Frávísun frá héraðsdómi. Rannsóknarathafnir.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Hjörtur Torfason og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðilar skutu máli þessu til Hæstaréttar með kæru 26. ágúst 1994. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 25. sama mánaðar um frávísun krafna sóknaraðila og vitnað til kæruheimildar í 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála.

Sóknaraðili krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og héraðsdómara gert að taka kröfur hans í héraði til efnisúrlausnar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Samkvæmt bréfi sýslumanns 27. júlí 1994 var Rannsóknarlögreglu ríkisins sent til framhaldsrannsóknar mál, er varðar ætlað brot gegn lögum um dýravernd nr. 15/1994 og lögum um dýralækna nr. 77/1981. Sóknaraðilar voru eigendur hestsins Gýmis, en rannsóknin beinist að slysi, er hann varð fyrir á landsmóti hestamanna á Gaddstaðaflosum, sem haldið var dagana 27. júní til 3. júlí sl. Kröfur sóknaraðila í héraði virðast í raun beinast að allri meðferð yfirvalda, hvort sem sú meðferð er fyrir Rannsóknarlögreglu ríkisins eða öðrum, og að yfirlýsingu, sem þau telja, að lögregla hafi gefið fjölmiðlum um rannsókn málsins. Málsókn fyrir héraðsdómi byggja þau á 75. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Í greininni segir: „Bera má undir dómara ágreining um lögmæti rannsóknarathafna lögreglu eða ákæranda, svo og ágreining um réttindi sakbornings og málsvara hans, þar á meðal um ósk þeirra um tilteknar rannsóknaraðgerðir. Úrlausn dómara skal vera í úrskurðarformi ef þess er krafist.“ Greinin varðar þannig lögmæti tiltekinna aðgerða rannsóknarlögreglu eða ákæranda og ágreining um réttindi sak-

bornings eða málsvara. Á skortir, að sóknaraðilar hafi gert nákvæma grein fyrir því, hvaða aðgerðir rannsóknarlögreglu þeir vilja bera undir dómstóla, og þá, hver ágreiningur sé uppi um lögmati þeirra. Þá eru ekki efni til að úrskurða um það á grundvelli ákvæðisins, hvað byggja megi á þeim gögnum, er lögreglu bárust frá héraðsdýralækni. Með þessum athugasemdum ber því að staðfesta niðurstöðu hins kærða úrskurðar.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður skal vera óraskaður.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 25. ágúst 1994.

Ár 1994, fimmtudaginn 25. ágúst, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Guðjóni St. Marteinssyni héraðsdómara, kveðinn upp úrskurður í málinu nr. R-114/1994, en málið var tekið til úrskurðar í gærðag.

Hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins er nú unnið að rannsókn á ætluðu broti Hinriks Bragasonar og Huldu Gústafsdóttur, beggja til heimilis að Grjótaseli 14 hér í borg, á lögum nr. 15/1994.

Skipaður verjandi beggja ofangreindra aðila hefur nú á grundvelli 75. gr. laga nr. 19/1991 lagt fram „beiðni um úrskurð héraðsdómara vegna ágreinings sakborninga og rannsóknaraðila í Rlr-málinu nr. 3108/1994, er varðar meint brot umbjóðenda minna, Huldu Gústafsdóttur og Hinriks Bragasonar, Grjótaseli 14, Reykjavík, á 6. grein laga um dýravernd nr. 15/1994“.

Kröfur, sem krafist er, að úrskurðaðar verði, eru þessar, eftir að fallið var frá einni kröfunni, enda enginn ágreiningur um þann kröfulið:

- „I. Þess er krafist, að úrskurðað verði, að öll sú „rannsókn“, sem fram hefur farið hjá héraðsdýralækni Helluumdæmis og Rannsóknarlögreglu ríkisins á fótbroti gæðingsins Gýmis frá Vindheimum, sem fótbrotnaði þann 3. júlí 1994 á Gaddstaðflötum í Rangárþingi, sé ógild að lögum. Til vara er gerð sú krafa, að úrskurðað verði, að öll sú „rannsókn“, sem fram hefur farið hjá héraðsdýralækni Helluumdæmis og Rannsóknarlögreglu ríkisins á fótbroti gæðingsins Gýmis frá Vindheimum, sem fótbrotnaði þann 3. júlí 1994 á Gaddstaðflötum í Rangárþingi, sé ólögmat.
- II. Þess er krafist, að úrskurðað verði, að lögreglu hafi verið óheimilt með öllu að gefa þá yfirlýsingu til fjölmiðla, sem hún gaf þann 13. ágúst síðastliðinn um rannsókn málsins.“

Af hálfu RLR er því haldið fram, að þar sem kröfugerðin lúti hvorki að

rannsóknaraðgerðum né að réttarstöðu sakborninga eða verjanda, beri að vísa kröfunni frá dómi.

Málavextir.

Hinn 3. júlí sl. fótbrotnaði gæðingurinn Gýmir frá Vindheimum í keppni á landsmóti hestamanna, sem haldið var á Gaddstaðflötum í Rangárþingi, en keppni stóð þá yfir. Héraðsdýralæknir Helluumdæmis hófst þegar handa við athugun málsins, sem síðan leiddi til þess, að lögreglurannsókn hófst hinn 25. júlí sl., er héraðsdýralæknir Helluumdæmis sendi sýslumanni Rangárvallasýslu bréf, þar sem m. a. segir, að hann hafi nú lokið gagnasöfnun samkvæmt samtali héraðsdýralæknisins og sýslumannsins frá 5. júlí sl. Sýslumaður Rangárvallasýslu sendi málið til RLR með bréfi, dags. 27. júlí sl., til framhaldsrannsókna.

Vegna töluliðar I í kröfugerð verjanda eru í greinargerð hans talin upp ýmis atriði, sem lúta að rannsókn máls þessa. Verjandi nefnir, að héraðsdýralæknir Helluumdæmis hafi tekið sér opinbert vald með afskiptum sínum af málinu. Þá eru talin upp ýmis dæmi um ólögð mætar aðgerðir að mati verjanda og að hans áliti ýmsir annmarkar á rannsókninni.

Ekki þykir ástæða til að rekja hér frekar greinargerð verjanda.

Niðurstöður.

Kröfuliður I.

Í 75. gr. laga nr. 19/1991, hér eftir skammstöfuð oml., segir, að bera megir undir dómara ágreining um lögmæti rannsóknarathafna lögreglu eða ákæranda svo og ágreining um réttindi sakbornings og málsvara hans, þar á meðal um ósk þeirra um tilteknar rannsóknaraðgerðir. Úrlausn dómara skuli vera í úrskurðarformi, sé þess krafist.

Verjandi lýsti yfir því fyrir dómi í gærðag, að hann hefði engar athugasemdir fram að færa vegna rannsóknar RLR á máli þessu nema að því leyti, sem rannsókn RLR væri byggð á gögnum frá héraðsdýralækni Helluumdæmis.

Dómurinn telur, að skýra verði 75. gr. oml. þröngt, en önnur lögskýringarleið væri andstæð lögum nr. 19/1991, en við gildistöku þeirra voru numín úr gildi ákvæði um stjórn og afskipti dómara af rannsókn mála.

Svo sem rakið var, hefur verjandi engar athugasemdir fram að færa við rannsókn RLR á máli þessu utan gögn frá héraðsdýralækni Helluumdæmis, en áður var vikið að því, að RLR bærust þau gögn frá sýslumanninum í Rangárvallasýslu.

Dómurinn telur samkvæmt ofanrituðu, að kröfurnar (bæði aðal- og varakrafa) í I. kröfulið séu ekki byggðar á ágreiningi um rannsóknarathafn-

ir lögreglu eða ákæranda, sbr. 75. gr. oml., og önnur tilvik, sem greinin tiltekur, komi hér ekki til álita.

Krafan er því ekki reist á málsástæðum, sem talin eru upp í 75. gr. oml.

Svo sem rakið var, telur dómurinn, að skýra beri 75. gr. oml. þröngt og ekki sé unnt að krefjast úrskurðar um annað en lögmæti rannsóknaraðgerða lögreglu eða ákæranda og starf héraðsdýralæknis Helluumdæmis falli utan ramma 75. gr. oml. og gögn frá héraðsdýralækninum og fleiri komi fyrst til skoðunar fyrir dómi, þegar eða ef til málshöfðunar kemur.

Dómurinn telur engar þær málsástæður hafa verið færðar fram af hálfu verjanda kærðu vegna I. kröfuliðar, sem heimili, að tekið verði á málinu efnislega á grundvelli 75. gr. oml. Þessi kröfuliður er því ekki úrskurðarhæfur, og ber að vísa honum frá dómi.

Kröfuliður II.

Fram kemur í greinargerð RLR, að engin yfirlýsing hafi verið gefin fjölmiðlum vegna máls þessa, heldur verið staðfest, að rannsókn fari fram, og upplýst um tilteknar rannsóknarniðurstöður.

Meðal gagna málsins er blaðaúrklippa og endurrit fréttar úr Ríkisútvarpinu, en engin yfirlýsing frá RLR.

Engin yfirlýsing hefur því verið gefin út af RLR. Þótt svo væri, telur dómurinn ekki unnt á grundvelli 75. gr. oml. að krefjast úrskurðar um, að slík yfirlýsing væri óheimil.

Þar sem þessi kröfuliður er ekki byggður á neinum þeim efnisrökum, sem talin eru upp í 75. gr. oml., ber að vísa honum frá dómi.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Öllum kröfum Steingríms Þormóðssonar hdl. fyrir hönd Hinriks Bragasonar og Huldu Gústafsdóttur er vísað frá dómi.
